

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 19. september 2025 klukkan 17:34

**Titill**

Af usla og árekstrum

**Höfundur**

Guðrún Elsa Bragadóttir (1986)

**Tímarit**

Ritið : tímarit Hugvísindastofnunar

17. árgangur 2017

2. tölublað: Hinsegin fræði og rannsóknir

Bls. 13-37

**Vefslóð**

<https://timarit.is/gegnir/991009716019706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Platons. Á þeim tíma var algengt að sálin væri talin dauðleg en Platon hafði hins vegar áhuga á handanvist sálarinnar og trúði á guðlegt réttlæti eftir dauðann. Í greininni er varpað nýju ljósi á kenningu Platons sem tengir gjörðir manns í þessum heimi við örlög í næsta heimi í gegnum kenningu um sálina sem lifir dauða líkamans.

*Ásta Kristín Benediktsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir*

GUÐRÚN ELSA BRAGADÓTTIR

## Af usla og árekstrum

### Sálgreining í ljósi hinsegin fræða

*Á endanum áttarðu þig óhjálvæmilega á því að þótt kynið sé tilbúningur þá eru umferðarljós það líka, og ef þú bunsar þau verðurðu fyrir bíl. Sem var líka búinn til.*

(Nevada, Imogen Binnie)

*Við verðum að hætta að afskrifa [kvenleika] sem „gervi“ eða „gjörning“ og viðurkenna þess í stað að ákveðnir þættir kvenleika (sem og karlleika) beyra hvorki til félagsmótunar né líffræðilegs kyns – annars væru stelpulegir drengir og strákalegar stúlkur ekki til.*

(„Trans Women Manifesto“, Julia Serano)

Haustið 2010 sýndi RIFF heimildarmyndina *Feikaðar fullnægingar (Fake Orgasm)*, 2010) eftir Jo Sol. Myndin fjallar um Lazlo Pearlman, sem titlar sig meðal annars kynlífs-, blætis-, gjörninga- og innsetningalistamann, en verk hans eru gjarnan innblásin af reynslu hans af því að vera trans maður. Í tengslum við sýningu myndarinnar fóru fram pallborðsumræður í Norræna húsinu sem leikstjórinn tók þátt í ásamt Elísu Björgu Örlygsdóttur-Husby, þáverandi formanni Trans Ísland, og Thomasi Brorsen Smith, þá MA-nema í kynjafræði. Ákveðin togstreita í hugmyndum viðstaddra um kyn gerði umræðurnar sérlega frjóar, en þar mátti í grófum dráttum greina tvö ólík sjónarmið sem virðist erfitt að sætta.

Annars vegar varð ljóst að mörgum viðstaddra þótti samfélagslegar hugmyndir um kyn vera sér framandi og fannst mikilvægt að litið væri á einstaklinga sem manneskjur fyrst og fremst en kyn væri gert að aukaatriði. Einhver benti í því samhengi á að hið óvenjulega ástand hefði skapast að salurinn væri fullur af fólki sem ætti erfitt með að skilja af hverju nokkur vildi vera af einhverju kyni eða hvers vegna það gæti ekki verið flæðandi og breytilegt. Hins vegar voru aðrar raddir einnig áberandi í umræðunum; þeirra sem upplifðu mjög sterk tengsl við kyn sitt og þótti síður en svo

aukaatriði að það væri tjáð að fullu og að ytra byrði líkamans samræmdist kynvitund (e. *gender identity*) þeirra. Það að fólk telji að kynið sé hluti af sannleika þess og innsta sjálfi er hins vegar í andstöðu við hugmyndir um flæði kyns og að það sé breytingum undirorpið. Greinin sem hér fer á eftir sprettur út frá þeirri hugsun að skrif á sviði hinsegin fræða hljóti að virða bæði sjónarmiðin, því að öðrum kosti mistakist þeim að skýra veruleikann og hætti jafnvel á að skipta einu skaðlegu normi út fyrir annað.

Þeir sem voru samankomnir í Norræna húsinu eftir *Feikaðar fullnægingar* voru í mörgum tilvikum vel að sér í hinsegin fræðum og tjáðu sig um mikilvægi þess að afbyggja kynið og sýna fram á að það sé blekking. Einn fyrsti fræðimaðurinn til að vekja athygli á hugmyndum sem þessum var bandaríski heimspekingurinn Judith Butler, en rit hennar *Kynusli* (*Gender Trouble*, 1990) er jafnan talið hafa markað straumhvörf og hún sjálf álitin ein af forgöngumanneskjum hinsegin fræða. Í *Kynusla* grefur Butler undan þeirri hugmynd að nokkurt náttúrulegt samband sé milli þess sem venja hefur skapast fyrir að aðgreina sem kyn (e. *sex*) og kyngervi (e. *gender*). Hún heldur því einnig fram að snúa megi á haus orsakasamhenginu sem almennt er gert ráð fyrir að sé þar á milli (s.s. að kyngervi leiði af kyni), og skoða megi kyngervi sem „röklega/menningarlega aðferð til þess að framleiða ‚kynjað eðli‘ eða ‚náttúrulegt kyn‘ og gefa því stöðu þess sem kemur á undan orðræðu.“<sup>1</sup> Verkið er rammpólítískt, en með því að afbyggja kynjatvíhyggju, sýna fram á að kyn sé „gjörningur“ (en þar byggir hún á „talathafnarkenningu“ J. L. Austins og túlkun Jacques Derrida á henni<sup>2</sup>) og hvetja til svokallaðs „kyngervisusla“ var markmið Butler að

<sup>1</sup> „[...] the discursive/cultural means by which ‚sexed nature‘ or ‚natural sex‘ is produced and established as ‚prediscursive‘.“ Judith Butler, *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*, New York & London: Routledge, 2007, bls. 10. Butler þróar þessar hugmyndir áfram í *Efni(s)legum líkömum* (*Bodies That Matter*, 1993) þar sem hún hafnar muninum sem er gerður á kyni og kyngervi, og greinir hið fyrrnefnda einnig sem menningarlegan tilbúning. Hin afbragðsgóða þýðing á titli þeirrar bókar nær að fanga orðaleikinn og er fengin frá Geir Svansson, sem skýrir hana á eftirfarandi hátt: „Í bókinni skoðar hún hvaða líkamar eru mikilvægir í ráðandi orðræðu en líka hvernig og hvaða líkamar eru úr efni eða efnisgerðir; s.s. efnilegir líkamar (sem skipta máli) og líkamar úr efni (efnislegir): *Efni(s)legir líkamar*. – Þeir líkamar sem efnisgera eða eru holdtaka norms fyrirskipaðrar gagnkynhneigðar eru þeir líkamar sem skipta máli.“ Sjá Geir Svansson, „Óseggjanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi“, *Skírnir* haust 1998, bls. 476–512, hér bls. 485, nmgr. 24.

<sup>2</sup> Geir Svansson, „Kynin tvö/Kynstrin öll: Um kynusla, kyngervisútlaga og efni(s)legar eftirmyndir“, *Flögð og fögur skinn*, ritstj. Jón Proppé, o.fl., Reykjavík: Íslenska menningarsamsteypan art.is, 1998, bls. 124–140, hér bls. 138–139.

auka fjölbreytileika í kynhegðun og -tjáningu og draga að sama skapi úr „því hversdagslega ofbeldi sem hlýst af hvers konar kynjafyrirmyndum“ sem samfélög halda á lofti.<sup>3</sup>

Mikilvægt er að hafa í huga að Butler sækir í ólíkar áttir í verkum sínum, ekki síst til Michels Foucaults og Jacques Derrida og frönsku femínistanna Simone de Beauvoir, Luce Irigaray og Monique Wittique, en skilningur hennar á mótun sjálfsverunnar (e. *subject*)<sup>4</sup> og kynvitundar hennar byggir að mörgu leyti á kenningum sálgreiningarinnar, sérstaklega skrifum Sigmunds Freuds og Jacques Lacans.<sup>5</sup> Í því sem á eftir fer er skoðað

<sup>3</sup> „[...] the mundane violence performed by certain kinds of gender ideals.“ Judith Butler, „Preface (1999)“, *Gender Trouble*, bls. xxi. Greinargóðar umfjallanir um gjörningskenningu Butler má finna í greinum Geirs Svanssonar „Kynin tvö/ Kynstrin öll“ (bls. 138–140) og „Ósegjanleg ást“ (bls. 482–486), sem og í skrifum Sigríðar Þorgeirsdóttur, þar sem hún setur jafnframt fram femíníska gagnrýni á kenningar Butler, „Konur og líkaminn: Frá Beauvoir til Butler“, *Simone de Beauvoir: Heimspekingur, ritböfundur, femínisti*, ritstj. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 101–119, hér bls. 102–105, og „Heimspæki líkamans og heimspeki í líkamanum og hvers vegna hugsun er ekki kynlaus“, *Hugur* 2/2015, bls. 65–80, hér bls. 70–71.

<sup>4</sup> Nanna Hlín Halldórsdóttir ræðir merkingu hugtaksins „sjálfsvera“ í fræðilegri umræðu í grein sinni „Gagnrýnin hugsun“ í gæsalöppum“, þar sem hún bendir á að þessi íslenska þýðing á orðinu „subject“ hafi ekki að öllu leyti þau blæbrigði sem það hefur í alþjóðlegu eða evrópsku samfélagi. Samkvæmt Nönnu leggur sjálfsveruþýðingin „áherslu á það hvernig einstaklingurinn móttast í gegnum þekkingu, hvernig *veran* ákvarðast af því þekkingarlandslagi sem við búum í.“ Sjá Nanna Hlín Halldórsdóttir, „Gagnrýnin hugsun“ í gæsalöppum: Að gagnrýna, hlusta og rökræða en fastsetja ekki ‚gagnrýna hugsun‘ í flokk“, *Hugur* 1/2015, bls. 123–141, hér bls. 130. Samkvæmt kenningum sálgreiningarinnar er sjálfsveran, sem er líka oft þýdd sem „hugvera“, manneskjan þegar hún er orðin hluti af samfélagi. Víða í verkum Freuds má finna þá hugmynd að sjálfsveran þurfi að gefa eitthvað upp á bátinn þegar hún verður hluti af samfélaginu – að einhver ánægja eða tilfinning fyrir stjórn glatist – en Lacan talaði í því samhengi um að sjálfsveran einkenndist „af skorti eða vöntun sem hún reynir án árangurs að eyða með samsömun við ýmis fyrirbæri hins félagslega veruleika eins og til að mynda hugmyndafræði.“ Sjá Andri Fannar Ottósson og Steinar Örn Atlason, „Inngangur“, *Óraplágan*, þýð. Haukur Már Helgason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007, bls. 9–39, hér bls. 18. Sjá einnig Dylan Evans, „From Kantian Ethics to Mystical Experience: An Exploration of Jouissance“, *Key Concepts of Lacanian Psychoanalysis*, ritstj. Dany Nobus, New York: Other Press, 1998, bls. 1–28, hér bls. 11.

<sup>5</sup> *Kynslí* er til dæmis þrískipt bók; í fyrsta hluta hennar ræðir Butler kenningar femínista á borð við de Beauvoir, Irigaray og Wittig um það hvernig kynjatvenndarparið (sem er síður en svo heildstætt eða röklegt) er (endur)framleitt og gerir grein fyrir kenningum þeirra um „konuna“ sem „hitt kynið“, málfræðilega fjarveru eða skort, og tilbúning sem tryggja skal fjölgun gagnkynhneigðra. Undir lok kaflans kemst Butler að þeirri niðurstöðu – með hjálp Foucaults – að ómögulegt sé að

hvernig Butler beitir sálgreiningu í verkum sínum, auk þess sem gagnrýni og umræðu um verk hennar meðal fræðafólks af sviði sálgreiningar eru gerð skil, en Tim Dean, Patricia Gherovici og Shanna Carlson fara þar fremst í flokki. Greina má í aðferð Butler og viðbrögðum við skrifum hennar nokkrar ólíkar nálgunarleiðir á sálgreiningu og hinsegin fræði. Butler rýnir í kenningar sálgreiningarinnar og endurskoðar þær svo þær falli betur að hinsegin nálgun. Dean er meðal þeirra sem lesa sálgreiningu *sem* hinsegin kenningu; hann dregur fram hinsegin þræði sem hann telur að séu þegar til staðar þegar vel er að gáð. Gherovici er svo dæmi um fræðikonu sem beitir klínískri nálgun; hún byggir á reynslu sinni af því að vinna með skjólstæðingum sem eru trans, ræðir þá þekkingu sem þeir hafa fært henni og leggur til að hugmyndir sálgreiningarinnar um kynvitund verði þróaðar áfram í ljósi þessarar þekkingar.<sup>6</sup>

Gagnrýnin sem fjallað verður um er gjarnan sett fram af höfundum sem nálgast sálgreiningu á hátt sem er afar ólíkur aðferðum Butler, en hún gengur út frá því að sálgreining sé í grunninn orðræða sem miði að því að viðhalda ríkjandi (gagnkynhneigðum) samfélagsviðmiðum.<sup>7</sup> Hér verður því alls ekki neitað að sálgreining hafi farið, og fari því miður enn, oft fram með (heteró)normatífum hætti og hún lesin og túlkuð á vegu sem festir í sessi gagnkynhneigð viðmið. Hins vegar er meginforsenda þessarar greinar sú að þess háttar notkun á sálgreiningu sé ekki aðeins illa ígrunduð, heldur byggji gjarnan á túlkun sem lítur framhjá mikilvægum forsendum sálgreiningar og stríðir jafnvel hreinlega gegn inntaki textanna sem hún byggir á.<sup>8</sup>

finna „náttúrulegri“ eða „upprunalegri“ kvenleika utan ríkjandi táknerfis og því sé löngu orðið tímabært að „endurhugsa möguleika til viðnáms þegar kemur að kynverund og kynvitund innan forsendna sjálfs valdsins.“ (bls. 42) Hún hefst handa við það verkefni í þriðja hluta bókarinnar, „Niðurrífandi líkamsgjörðir“. Annar hluti, „Bann, sálgreining og vefur gagnkynhneigðarinnar“, er sá sem snýr fyrst og fremst að sálgreiningu.

<sup>6</sup> Samtökin '78 skilgreina trans sem „regnhlífarheiti yfir fólk sem fer út fyrir það sem er talið hefðbundið kyn, þar undir eru trans karlar [þ.e. karlar sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu] og trans konur [þ.e. konur sem var úthlutað karlkyni við fæðingu], fólk sem fer í aðgerðir, fólk sem vill ekki aðgerðir, fólk sem vill hvorki skilgreina sig sem konu né karl, eða vill blöndu af báðu.“ Sjá bækling Samtakanna '78, „Hvað er Hinsegin“, Reykjavík: Samtökin '78 og Reykjavíkurborg, 2015. Sótt 27. ágúst af <https://www.samtokin78.is/fraedsluefni>.

<sup>7</sup> Judith Butler, *Bodies That Matter: On the Discursive Limits of Sex*, New York & London, 1993, bls. 22.

<sup>8</sup> Greinarhöfundur mun því ekki eyða tíma lesenda í umfjöllun um verk fræðafólks og sálgreinenda sem eru fordómafullir í garð ólíkra hópa hinsegin fólks. Nálgast

Grein þessari má í grófum dráttum skipta í tvennt. Fyrri hlutinn er helgaður hinsegin sjónarhornum á kenningar Freuds, þar sem fjallað verður um kenningar hans um kynverundina til þess að varpa ljósi á lestur Butler á verkum hans um mótun sjálfsins (e. *ego*, þ. *Ich*). Síðari hluti greinarinnar fjallar um hvernig Butler beitir kenningum Lacans og ræðir annars konar lestur á verkum hans innan hinsegin fræða. Spurningin sem brennur á greinarhöfundi er hvort – og þá hvernig – sálgreining og hinsegin fræði fari saman, en það er fyrst og fremst í ljósi arfleifðar Butler sem tilraun er gerð til að svara þeirri spurningu. Að auki verður sérstök áhersla lögð á að skoða þau sjónarhorn á kynið sem boðið er upp á innan sálgreiningar og möguleikana sem þau fela í sér í þeim tilgangi að bregðast við þeirri togstreitu í viðhorfum til kyns sem rædd var hér í upphafi.

### *Hvatir rekast á: hinsegin kynverund Sigmunds Freuds*

Undanfarna áratugi hefur mikil og öflug fræðimennska farið fram á sviði sálgreiningar og hinsegin fræða sem miðar að því að endurlesa sígilda texta sálgreiningarinnar frá sjónarhóli hinsegin kenninga. Þar hafa skrif Sigmunds Freuds um kynverundina orðið að mikilvægu viðfangsefni. Flestir sem þekkja til verka Freuds hafa tilfinningu fyrir því hversu mikilvæg kynverundin er í kenningum hans; í raun má segja að það hversu hugleikið viðfangsefnið var honum hafi orðið að menningarlegri klisju og óþrjótandi uppsprettu brandara. Lykilverk Freuds um viðfangsefnið, *Þrjár ritgerðir um kynverundina (Drei Abhandlungen zur Sexualtheorie)*, kom fyrst út árið 1905 en er jafnframt það verk sem höfundurinn endurskoðaði hvað oftast.<sup>9</sup>

---

má gott dæmi um sálgreinanda á slíkum villigötum á bls. 135–136 í grein Geirs Svanssonar, „Kynin tvö/Kynstrin öll“, þar sem fjallað er um íhaldssama (og beinlínis fjandsamlega) afstöðu Catherine Millot til trans fólks, sem hún setur fram í bók sinni *Horsexe*.

<sup>9</sup> *Þrjár ritgerðir* komu út sex sinnum á tuttugu árum, en líkt og helsti þýðandi verka Freuds yfir á ensku, James Strachey, bendir á er *Draumaráðningabókin (Die Traumdeutung, 1899)* eina verkið sem Freud endurskoðaði oftar. Sjá James Strachey, athugasemd ritstjóra við „Three Essays on the Theory of Sexuality“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 7, fyrst útg. 1953, London: Vintage, 2001, bls. 125–129, hér bls. 128. Hér á eftir verður stuðst við enskar þýðingar Stracheys á verkum Freuds, nema þegar ný þýðing Ulrike Kistner á *Premur ritgerðum um kynverundina* (ritstj. Philippe van Haute og Herman Westering) er rædd sérstaklega.

Meðal þess sem vekur eflaust athygli lesenda ritgerðanna þriggja, ekki síst ef um áhugamannskju um hinsegin veruleika er að ræða, er hversu hlykkjótt leiðin að gagnkynhneigða norminu virðist vera, en Freud reynir þar með allnokkrum erfiðismunum að rekja mótunarferli kynverundar frá barnæsku og fram á fullorðinsár. Freud bætti neðanmálsgrein við upprunalega textann árið 1915 þar sem hann klórar sér í höfðinu yfir gagnkvæmum áhuga karla og kvenna, sem hann telur „ráðgátu sem nauðsynlegt sé að varpa ljósi á og ekki augljósa staðreynd“. <sup>10</sup> Þar má sjá endurspeglast afstöðu hans til samkynhneigðar, en hann leit aldrei svo á að hún væri sjúkleg eða eitthvað sem sálgreining ætti að lækna. <sup>11</sup>

Líkt og sálgreinandinn og heimspekiþrófessorinn Philippe van Haute og guðfræðingurinn Herman Westerink benda á í inngangi að nýrri enskri þýðingu á fyrstu útgáfu *Þriggja ritgerða um kynverundina*, birtist sérstaða Freuds meðal samtíðarmanna hans meðal annars í því að á meðan geðlæknar og kynfræðingar á borð við Richard von Krafft-Ebing og Albert Moll litu svo á að í „afbrigðilegri“ kynhegðun mætti sjá „eðlilegar“ kynferðislegar hvatir og athafnir í ýktri mynd, gekk Freud skrefi lengra og komst að þeirri niðurstöðu að hugmyndin um „eðlilega“ kynverund sem hefur getnað að markmiði væri „skáldskapur“ (e. *poetic fable*). <sup>12</sup> Hann kaus frekar að gera margbreytileika kynferðislífs manneskjunnar að útgangspunkti í rannsóknnum sínum. <sup>13</sup> Grundvallarmunurinn liggur þannig í því að fyrirrennarar Freuds, sem gengu gjarnan út frá kenningum Charles Darwins, gerðu hina náttúrulegu „æxlunarmiðuðu“ kynhvöt (þ. *Geschlechtstrieb*) að viðmiði sem þeir skilgreindu sjúklega kynhegðun — t.d. sam- og tvíkynhneigð, blætishneigð og (sjálfs)kvalalosta — út frá. Freud gerði aftur á móti kynhvötina (þ. *Sexualtrieb*), sem hlýðir ekki neinum „náttúrulegum“

<sup>10</sup> Sigmund Freud, „Three Essays on the Theory of Sexuality“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 7, bls. 125–245, hér bls. 146.

<sup>11</sup> Sjá t.d. Tim Dean og Christopher Lane, „Introduction: Homosexuality and Psychoanalysis“, *Homosexuality and Psychoanalysis*, ritstj. Tim Dean og Christopher Lane, Chicago: University of Chicago Press, 2001, bls. 3–42.

<sup>12</sup> Philippe van Haute og Herman Westerink, „Introduction: Hysteria, Sexuality, and the Deconstruction of Normativity—Rereading Freud’s 1905 Edition of *Three Essays on the Theory of Sexuality*“, *Three Essays on the Theory of Sexuality: The 1905 Edition*, ritstj. Philippe van Haute og Herman Westerink, þýð. Ulrike Kistner, London & New York: Verso, 2016, bls. xiii–lxxvi, hér bls. xvi og xxii. Van Haute og Westerink ræða í þessu samhengi umfjöllun Krafft-Ebing um sadisma í *Psychopathia Sexualis* (1886).

<sup>13</sup> Sama rit, bls. xxv.

lögmaðlum þegar kemur að markmiði og viðfangi, að meginviðfangsefni sínu.<sup>14</sup>

Hugmyndirnar sem Freud setti fram um kynhvötina í fyrstu útgáfu *Þriggja ritgerða* árið 1905 ollu miklum usla í samfélagi sálgreinenda, sem voru margir hverjir – þar á meðal Carl Gustav Jung – hliðhollir þróunarfræðilegu nálguninni. Skoða má þær umfangsmiklu viðbætur sem Freud gerði við útgáfu ritgerðanna árið 1915 sem tilraun til að svara Jung, en þar bætir Freud meðal annars við kenningunni um Ödipusarduldina<sup>15</sup> og leggur aukna áherslu á sálrænan þroska – sem felur óhjákvæmilega í sér skírskotanir til stöðunar eða vanþroska – og ólík stig í þróun kynverundarinnar.<sup>16</sup> Bent hefur verið á að lokaútgáfa ritgerðanna þriggja, sem hefur þar til nýlega jafnframt verið sú eina sem hefur verið aðgengileg í enskri þýðingu, sé að mörgu leyti mótsagnakennd. Það má að hluta til skýra með hliðsjón af hinum ótalmörgu viðbótum höfundar við textann. Van Haute og Westerink, auk bókmenntafræðingsins Leo Bersani og annarra, hafa þó bent á þýðingu þess að svo virðist sem tvær ólíkar kynverundir séu í text-

<sup>14</sup> Sama rit, bls. xvi og xxv.

<sup>15</sup> Torfi H. Tulinius skýrir Ödipusarduldina á eftirfarandi hátt í grein sinni „Adam og Eva í Júragarðinum“: „Samkvæmt [kenningu Freuds um Ödipusarduldina] fyllast öll börn kynferðislegri þrá til foreldris af gagnstæðu kyni og samhliða því hatrí á foreldrinu af sama kyni. Á Ödipusarstiginu læra þau að bæla þessa þrá og göfga, sem er nauðsynlegur undanfari þess að geta beygt sig undir reglur samfélagsins og einnig að mynda eðlileg tengsl við einstakling af gagnstæðu kyni á fullorðinsárunum.“ Sjá Torfi H. Tulinius, „Adam og Eva í Júragarðinum“, *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 1999, bls. 459–475, hér bls. 469. Um Ödipusarstigið og femíníska gagnrýni á kenningar Freuds, sjá Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996, bls. 102–109. Um Ödipusarduldina í kenningum Lacans, sjá Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig: Ást og dauði í *Tímaþjófinum* í ljósi sálgreiningar“, *Hef ég verið hér áður?*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 113–144, hér bls. 114–116.

<sup>16</sup> Sama rit, bls. xxviii. Freud bætti lýsingu á ólíkum þroskastigum kynverundar barnsins við aðra ritgerðina árið 1915. Fyrst fór að bera á sjónarhorni sem leggur áherslu á þroska í útgáfunni frá 1911, en slíkt sjónarhorn er svo til algjörlega fjarverandi í útgáfunni frá 1905 (Sjá Philippe Van Haute og Herman Westerink, „Introduction“, bls. lxxiv). Sjá má þessa áherslu á þróun kynverundarinnar í meginniðurstöðu ritgerðanna sem Freud dregur saman í lokaútgáfu þeirra, sem kom út árið 1926, þannig að „tilhneiging til frávikshegðunar (e. *perversions*) sé upprunaleg og almenn tilhneiging mannlegrar kynhvatar“ en að það sem teljist „eðlileg kynhegðun“ – þar á hann sérstaklega við gagnkynhneigð og kynlíf sem miðar að kynæxlun – „verði til vegna líffræðilegra breytinga og sálrænna hamla sem fylgja þroska.“ Sjá Sigmund Freud, „Three Essays“, bls. 231.

anum; hinsegin kynverund sem á sér engin „eðlileg“ viðföng eða markmið og hefðbundnari kynverund sem hefur kynæxlun að markmiði og verður fullnægt við kynmök.

Bersani, sem hefur verið atkvæðamikill innan hinsegin fræða síðan á níunda áratug síðustu aldar, greinir ritgerðir Freuds um kynverundina sérstaklega í ljósi þessara mótsagna í bókinni *Freudíska líkaminn: sálgreining og list* (*The Freudian Body: Psychoanalysis and Art*, 1986), en þar bendir hann á að Freud virðist ekki geta stillt sig um að „ræða kynverund barnæskunnar líkt og hún væri *sjálf kynverundin*,“ líkt og hann hafi gleymt kenningunni sem hann er sjálfur að glíma við að setja fram um þroskaferlið í átt að æxlunarmiðaðri kynhvöt.<sup>17</sup> Líklegt verður að teljast að mótsagnirnar í lokagerð ritgerðanna megi rekja fyrst og fremst til tilrauna Freuds til að setta þann ónormatífa skilning á kynverundinni sem lýst er hér að framan og kenningar á borð við þá sem hann setti fram um Ödipusarduldina, sem byggja á normatífum viðmiðum og miða fyrst og fremst að því að fella þróun kynverundarinnar að markmiðadrifinni, röklegri frásögn sem fléttast saman við frásögnina af mótun sjálfins.<sup>18</sup>

### *Melankólísk sjálf*

Þrátt fyrir þá hinsegin þræði sem kenningar Freuds um kynverundina fela í sér ræðir Butler þær lítið sem ekkert í verkum sínum, en einblínir fyrst og fremst á þá texta Freuds sem snúa sérstaklega að mótun sjálfins. Fyrst ber að nefna „Sorg og melankólíu“ („Trauer und Melancholie“), sem út kom árið 1915, þar sem Freud lýsir því sem gerist þegar sjálfsverunni mistekst að syrgja glatað ástarviðfang, með þeim afleiðingum að henni er ómögulegt að beina hvöt (þ. *Libido*) sinni að nýju viðfangi. Þess í stað beislar sjálfsveran hvötina í eigin sjálfi, þar sem hún varðveitir glataða viðfangið

<sup>17</sup> Leo Bersani, *The Freudian Body: Psychoanalysis and Art*, New York: Columbia University Press, 1986, bls. 33.

<sup>18</sup> Freud lagði aukna áherslu á að gera grein fyrir mótun sjálfins í kjölfar „ákafra bréfaskipta og ástríðufullra deilna“ við Jung sem hófust áður en fyrsta útgáfa ritgerðanna þriggja kom út árið 1905 og héldu áfram árin á eftir. Þau snerust fyrst og fremst um psýkósu (Jung gaf út bók um algengustu mynd hennar, geðklofa (e. *schizoprenia*), árið 1907) og kynferðislegt eðli hvatarinnar (sem Freud vildi ekki gefa upp á bátinn). Á meðan „hystería hafði kennt Freud sitthvað um mikilvægi kynverundarinnar fyrir mannlega tilvist,“ dró psýkósa athygli hans að viðkvæmu sambandi sjálfsverunnar við veruleikann og varð honum hvatning til þess að gera sjálfu (e. *ego*) ríkari skil. Sjá Philippe Van Haute og Herman Westerink, „Introduction“, bls. lxxii–lxxiii.

með því að samsama sig því.<sup>19</sup> Þannig tekst þeim sem þjáist af melankólíu að halda í þann sem er farinn, en á kostnað eigin vellíðunar þar sem ástin er blandin árásargirni sem beinist í kjölfarið inn á við.

Freud ítrefkar þann þátt sem viðlíka samsömunarferlar eiga í tilurð sjálfsins í „Sjálfinu og dulvitundinni“ („Das Ich und Das Es“) frá árinu 1923. Þar heldur hann því fram að „sjálfið mótist að miklu leyti í gegnum samsamanir“ – af sama meiði og þær sem birtast með svo skýrum hætti í upplifun hins melankólíska – „sem koma í stað sambands sem gefið hefur verið upp á bátinn í dulvitundinni.“<sup>20</sup> Hér vísar Freud sérstaklega í mikilvægustu samsamanirnar, sem eiga sér stað í barnæsku og eiga ríkastan þátt í að móta það sem hann kallar „yfirsjálf“ (þ. *Über-Ich*) og „fyrirmyndarsjálf“ (þ. *Ideal-Ich*) einstaklingsins.<sup>21</sup>

Segja má að Freud komist í þessum skrifum í ógöngur á svipuðum slóðum og í *Premur ritgerðum um kynverundina*, þ.e. þegar hann gerir tilraun til þess að gera grein fyrir „eðlilegum“ samsömunarferlum stúlkna og drengja með hliðsjón af Ödipusarduldinni. Hann heldur því fram að Ödipusarduldin hafi í för með sér, á mótsagnakenndan hátt, aukna samsömun stúlku með móður og drengs með föður, þrátt fyrir að ástarviðfangið sem drengurinn „missir“ á Ödipusarstiginu sé móðirin og dóttirin gefi föðurinn upp á bátinn.<sup>22</sup> Freud áttar sig sjálfur á því hversu illa gengur

<sup>19</sup> Sigmund Freud, „Mourning and Melancholia“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 14, fyrst útg. 1958, London: Vintage, 2001, bls. 243–258, hér bls. 249.

<sup>20</sup> „Thus we have said repeatedly that the ego is formed to a great extent out of identifications which take the place of abandoned cathexis by the id“. Sigmund Freud, „The Ego and the Id“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 19, fyrst útg. 1961, London: Vintage, 2001, bls. 3–66, hér bls. 48.

<sup>21</sup> Freud ræðir fyrst mótun yfirsjálfs og fyrirmyndarsjálfs í „Af narsissisma“ („Zur Einführung des Narzißmus“) árið 1914, en skýrir hana enn frekar í *Sjálfinu og dulvitundinni* árið 1923.

<sup>22</sup> Freud yfirgaf fljótlega eftir þetta hugmyndina um samhverfu í Ödipusarstigi drengja og stúlkna. Sjá neðanmálsgrein nr. 3 í „The Ego and the Id“, bls. 32. Hann setur fram kenningu sína um Ödipusarstig stúlkna í fyrirlestri um kvenleika sem kom fyrst út á prenti árið 1933 og tilheyrði „Nýjum inngangsfyrirlesturum um sálgreiningu“. Þar reynir hann að skýra hvernig stúlkna tekur föður sinn sem ástarviðfang þegar móðirin er fyrsta viðfang jafnt stúlkna og drengja, og kemst að þeirri niðurstöðu að geldingarduldin komi á undan Ödipusarstigi hjá stúlkum og beini áhuga þeirra að föðurnum, sem þær vona að bæti upp fyrir skortinn sem þær hafa gefið upp von um að móðirin bæti. Þá stendur Freud frammi fyrir þeim vanda að skýra hvernig stúlkur yfirstíga Ödipusarduldina, en geldingarduldin hafði hjálpað honum að skýra ferlið hjá drengjum; ótti við geldingu af hendi föður beinir

að fella hugmyndina að gagnkynhneigða norminu og virðist tilbúinn að gefa þátt Ödipusar upp á bátinn, í þessu samhengi að minnsta kosti, þegar hann skrifar að mögulegt sé að „tvíbendnin sem komi fram í sambandinu við foreldrana skrifist að öllu leyti á tvíkynhneigð og að hún sé ekki, líkt og ég hef haldið fram hér að ofan, afsprengi samsömunar í kjölfar samkeppni [við foreldrið af sama kyni].“<sup>23</sup>

Butler greinir þessa setningu í *Kynusla*, þar sem hún notar þær kenningar sem Freud setti fram um mótun sjálfins og ræddar hafa verið hér að framan til þess að skýra hvernig kerfi gagnkynhneigðs forræðis framleiðir sjálfsveruna.<sup>24</sup> Þar heldur hún því fram að ummæli Freuds um tvíkynhneigð vísi augljóslega til þess „að drengurinn þurfi á þessu stigi ekki aðeins að velja á milli viðfanganna tveggja, heldur einnig kynferðislegu staðanna tveggja, þeirrar karllægu og þeirrar kvenlægu.“<sup>25</sup> Það að dreng-

áhuga þeirra frá móður sinni. Hann kemst að því sem verður að teljast afar ófullnægjandi niðurstaða: að konur komist seint af því stigi og aðeins á ófullkominn hátt, en skortur á geldingarógn komi meðal annars niður á mótun yfirsjálfis þeirra. Í lokaorðum fyrirlestrarins bendir Freud jafnframt á að alengt sé að konur sveiflist milli kvenlægra og karllægra staða og leggur til að „hluta þess sem karlmenn kalla „ráðgátu kvenna“ megi ef til vill rekja til slíkra tvíkynja upplifana í lífi kvenna“. Sjá „Lecture XXXIII: Femininity“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 22, fyrst útg. 1960, London: Vintage, 2001, bls. 112–135, hér bls. 129 og 131. Um Ödipusarstig stúlkna sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig“, bls. 117.

<sup>23</sup> „It may even be that the ambivalence displayed in the relations to the parents should be attributed entirely to bisexuality and that it is not, as I have represented above, developed out of identification in consequence of rivalry.“ Sigmund Freud, *The Ego and the Id*, bls. 33.

<sup>24</sup> Melankólía var áfram mikilvæg í skrifum Butler um mótun kynjaðrar sjálfsmyndar, sjá t.d. Judith Butler, *The Psychic Life of Power: Theories in Subjection*, Stanford, California: Stanford University Press, 1997, bls. 24. Dagný Kristjánsdóttir fjallar á afar greinargóðan hátt um þróun hugmynda Butler um þunglyndi og kyn í *The Psychic Life of Power* í grein sinni „Tómið og tilveran: Um skáldsögur Kristínar Ómarsdóttur“, *Ritið* 3/2006, bls. 81–99, hér bls. 88–94.

<sup>25</sup> „Clearly, Freud means to suggest that the boy must choose not only between the two object choices, but the two sexual dispositions, masculine and feminine.“ Judith Butler, *Gender Trouble*, bls. 80. Butler einblínir hér sérstaklega á þroskaferil drengja, en í því endurspeglast mögulega erfiðleikarnir sem Freud átti í þegar hann reyndi að nota Ödipusarkennunguna til að gera grein fyrir þroskaferli stúlkna og fjallað hefur verið um í neðanmálgrein nr. 22. Butler fjallar þó um stúlkur í einni efnisgrein á blaðsíðu 81 (í kjölfar fjögurra efnisgreina sem fjalla um „drenginn“) þar sem hún bætir því við að ætla megi að stúlkur gangi í gegnum sams konar ferli og þeir: „missir föðurins sem hlýst af sífjaspellsbanninu getur endað í annaðhvort samsömun með viðfanginu sem hefur glatast (og því að karlmennska festist í sessi) eða því að [...] annað viðfang er fundið í staðinn“—s.s. í samkynhneigð í tilfelli

urinn velji yfirleitt stöðu gagnkynhneigðar orsakast því af ótta hans við geldingu, ekki þó af hendi föðurinn heldur þá geldingu sem felst í því að vera kvengerður í samfélagi gagnkynhneigðs forræðis. Í kjölfarið getur drengurinn tekið sér nýtt kvenkyns ástarviðfang eftir að hafa verið neitað um móðurina (og þar með „syrgt“ viðfangið á heilbrigðan hátt), þar sem gagnkynhneigðum karlmanni er aðeins neitað um viðfangið í barnæsku, þ.e. móðurina, en ekki tegund löngunarinnar. Butler bendir hins vegar á að þegar okkur er neitað um samkynja þrá er okkur neitað um bæði viðfang og tegund löngunar, með þeim afleiðingum að við samsömum okkur viðfangi þrár okkar þegar um einstakling af sama kyni er að ræða.<sup>26</sup> Hér má sjá dæmi um það hvernig Butler „lagfærir“ eða endurskoðar kenningar Freuds með því að taka hinsegin sjónarmið með í reikninginn.

Sú hugmynd að sjálfið samanstandi af ástarviðföngum sem sjálfsverunni hefur reynst ógerningur að sleppa hefur óneitanlega sinn sjarma, en auk þess má segja að þarna birtist hinsegin sjónarhorn á sjálfsveruna, þar sem leiða má líkur að því að þau viðföng sem móta sjálfið séu af ólíkum kynjum.<sup>27</sup> Að sama skapi má segja að erfiðleikarnir sem Freud lendir í þegar hann reynir að festa niður formgerð sem skýrir mótunarferli kynvitundar og kynverundar einstaklings, hvort sem það er í skrifum hans um kynverundina eða sjálfið, dragi ekki síst fram ómöguleika þess að ákvarða hvernig, nákvæmlega, manneskja verður eins og hún er; ómöguleika þess að setja saman kenningaramma sem nær fullkomlega utan um kynverund og kynvitund sjálfsverunnar. Þess konar óákvarðanleiki ætti einmitt að falla vel að hinsegin hugsun, sem streitist gjarnan á móti niðurnjörvuðum kerfum.<sup>28</sup>

Butler fellur að sumu leyti í sömu gryfju og Freud í *Kynusla*, þar sem hún reynir að gera grein fyrir mótun kynverundar sjálfsverunnar á snyrtilegan hátt og byggir líkt og Freud á kerfi sem sækir bæði í Ödipusarmýtuna

---

samsömunar við viðfangið, en gagnkynhneigð ef annað viðfang er fundið til að leysa föðurinn af hólmi.

<sup>26</sup> Sama rit, bls. 79–80.

<sup>27</sup> Það kemur ef til vill ekki á óvart að melankólía hefur verið notuð víðar í hinsegin fræðum sem fjalla um samsömun og mótun hinsegin sjálfs, meðal annars í verki José Esteban Muñoz, *Disidentifications* (1999) og *Feeling Backward: Loss and the Politics of Queer History* (2007) eftir Heather Love.

<sup>28</sup> Vart verður heldur hjá þeirri hugsun komist að sérhver tilraun til þess að skýra með nákvæmum hætti þróun kynvitundar og kynverundar barns bendi til þess að þar búi að baki löngun til þess að geta stjórnað þessum þáttum í lífi barnsins eða í það minnsta haft áhrif á þá.

og samsömunina sem Freud fékk innsýn í hjá hinum melankólíska. Tim Dean hefur gagnrýnt nálgun Butler á þeim forsendum að hún láti aðra hluta sjálfsverunnar en sjálfrið afskipta, þá fyrst og fremst dulvitundina.<sup>29</sup> Dulvitundin var líklega mikilvægasta framlag Freuds og sálgreiningarinnar til hugvísindanna eins og þau leggja sig, en hún er þess eðlis að hún grefur undan hugmyndum um heildstætt sjálf og gerendahæfni (e. *agency*) einstaklingsins. Í raun mætti halda því fram að Freud gerist sjálfur sekur um að streitast gegn dulvitundinni þegar hann reynir að smíða snyrtilegar kenningar um sjálfsveruna og kynverundina, sem ákvarðast að töluverðu leyti af ómeðvituðum ferlum (samkvæmt Freud sjálfum).<sup>30</sup>

Butler kemst að þeirri niðurstöðu í *Kynusla* að kynjaður veruleiki okkar sé mótaður af bælingu og útilokun þess sem telst óæskilegt; þess sem grefur undan gagnkynhneigða tvenndarkerfinu. Í *Efni(s)legum líkömum* heldur hún því jafnframt fram að „kyn“ sé stjórntæki sem framleiði ekki einungis líkama með valdi, heldur einnig eftirstöðvarnar, það sem passar ekki, stendur utan við kynið og kalla mætti „dulvitund þess“.<sup>31</sup> Eins og fjallað verður nánar um hér á eftir er það vandkvæðum bundið að beita dulvitundinni sem hugtaki í pólitísku samhengi valdgreiningar, líkt og Butler og fleira fræðafólk gerir svo oft.<sup>32</sup>

Samkvæmt skilningi sálgreiningarinnar er það sem býr í dulvitund hvers og eins það sem viðkomandi hefur ekki fært í orð; það sem er ekki (að minnsta kosti enn) meðvitað. Þetta felur einnig í sér þá hugmynd að sálgreinandinn (eða aðrir utanaðkomandi aðilar) hafi ekki aðgang að hinu dulvitaða, og það sé því hverjum manni ómögulegt að segja til um hvað býr í dulvitund annarrar manneskju. Hvers konar tilraunir til að ákvarða fyrirfram hvað hefur verið bælt – hvort sem það er kvenleiki/samkynhneigð gagnkynhneigðs siskynja karls eða karlleiki/samkynhneigð gagnkynhneigðar siskynja konu eða nokkuð annað – eru því fyrirfram dæmd-

<sup>29</sup> Tim Dean, *Beyond Sexuality*, Chicago & London: University of Chicago Press, 2000, bls. 191–192.

<sup>30</sup> Leo Bersani ræðir þessa tilhneingingu Freuds til að skapa „vísindaleg“ kerfi og innbyggða erfiðleika þess að skýra viðfangsefni sálgreiningar með röklegri hugsun í *The Freudian Body*, sjá t.d. bls. 9–10.

<sup>31</sup> Judith Butler, *Bodies That Matter*, bls. 22. Butler setur gæsalappir utan um orðin „kyn“ og „dulvitund“ í textanum.

<sup>32</sup> Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek er gott dæmi um slíkan fræðimann, en Butler sækir í greiningu hans í kaflanum „Þráttáð við raunina“ í *Efni(s)legum líkömum* og tekur þar verk hans *The Sublime Object of Ideology* sérstaklega til umfjöllunar.

ar til þess að mistakast.<sup>33</sup> Ástæða þess að helsta aðferð sálgreinandans að hlusta ítrekað á skjólstæðinga sína tala er sú að það sem hefur ekki verið tjáð í hverjum og einum er einstaklingsbundið. Samkvæmt kenningum sálgreiningar mun samfélagið alltaf vefjast fyrir sjálfsverunni, jafnvel þótt fleira eigi eftir að leyfast en nú á sviði kynferðismála. Hennar mun alltaf bíða það verkefni að finna sér stað innan samfélagsins, í því kraðaki sjálfsfyrirmynda sem tilheyrja bæði þeim réttlátu og þeim ranglátu, og í besta falli mun hún skapa eigin lífi tilgang sem helgast ekki af því að þóknast öðrum.<sup>34</sup>

### *Að vera eða vera ekki fallusinn*

Eins og ljóst má vera af umfjölluninni hér að framan hættir sálgreiningu sem byggir á kerfisbundinni hugsun til þess að rekast harkalega á veruleikann, sem er oft flóknari en sá sem kenningin gefur mynd af. Sá sálgreinandi sem er líklega þekktastur fyrir að setja fram illskiljanleg kerfi er Jacques Lacan, en hann var alræmdur fyrir að búa til stærðfræðijöfnur fyrir allt milli himins og jarðar, þar á meðal kynjamismun.<sup>35</sup> Það er ýmislegt hinsegin við kenningu hans um kynjamismun, eins og sjá má á þeirri grundvallarniðurstöðu hennar að kynin tvö og sambandið milli þeirra gangi ekki upp, en Butler leggur einmitt út af henni í umfjöllun sinni um sálgreiningu í *Kynusla*.<sup>36</sup> Kynjamismunarjafna Lacans býður einnig upp á möguleika á því að ræða kyn óháð líffræðilegu kyni.<sup>37</sup> Þegar rýnt er nánar í formúluna koma þó í ljós ýmis vandamál sem hafa vafist fyrir þeim sem leita leiða til að sætta sálgreiningu og hinsegin fræði – og þótt víðar væri leitað.

<sup>33</sup> Í bæklingi Samtakanna '78, „Hvað er Hinsegin“, kemur fram að sís-kynjun vísar til fólks „sem býr yfir kynvitund og/eða kyneinkennum sem samræmast kyninu sem því var úthlutað við fæðingu (er hvorki trans né intersex).“

<sup>34</sup> Því skal þó haldið til haga að sá tilgangur gæti allt eins verið að umbylta samfélaginu og viðmiðum þess.

<sup>35</sup> Finna má jöfnu Lacans um kynjamismun í útgefnum fyrirlestrum hans um kvenlega kynverund, takmörk ástar og þekkingar frá 1972–1973, sjá Jacques Lacan, *The Seminar of Jacques Lacan: Book XX. On Feminine Sexuality, The Limits of Love and Knowledge, 1972–1973*, ritstj. Jacques-Alain Miller, þýð. Bruce Fink, New York & London: W.W. Norton & Company, 1998, bls. 73.

<sup>36</sup> Judith Butler, *Gender Trouble*, bls. 62.

<sup>37</sup> Patricia Gherovici, *Please Select Your Gender: From the Invention of Hysteria to the Democratizing of Transgenderism*, New York & London: Routledge, 2010, bls. 20.

Sálgreining Lacans byggir á þeirri hugmynd að sjálfsveran upplifi skort og að sá skortur grundvallí upplifun hennar á heiminum. Það hvernig hún bregst við skortinum veltur hins vegar á því hvaða stöðu hún tekur sér innan þess sviðs sem Lacan kallar „hið táknræna“ (f. *le symbolique*), sem tekur til tungumálsins og annarra táknkerfa sem samfélag manna byggir á. Á því sviði felur karllæg (f. *masculin*) staða í sér afneitun á þessum skorti („þráir að hafa fallusinn“) en sú kvenlæga (f. *feminin*) tilraun til að bregðast við skortinum í sér og Hinum („þráir að vera fallusinn“).<sup>38</sup> Báðar eru þessar stöður ómögulegar vegna þess að hér er ekki um bókstaflegan skort að ræða. Lacan gerir mikilvægan greinarmun á þrá annars vegar og líkamlegum eða líffræðilegum þörfum hins vegar og byggir þar á þeim skilningi Freuds á hvötinni sem fjallað var um hér að ofan. Sjálfsveran þráir vegna þess skorts sem hún upplifir innan hins táknræna, ekki vegna þess að hún upplifir þörf sem hægt er að fullnægja á sama hátt og seðja má hungur, svo dæmi sé tekið.<sup>39</sup>

Ekkert viðfang getur fullnægt þránni, sem er samkvæmt kenningum Lacans – líkt og hjá Freud – án nokkurs hefðbundins viðfangs. Lacan kynnti til sögunnar hugtakið „viðfangið *a*“ (f. *objet petit a*) til að tákna það sem knýr þrá sjálfsverunnar, það sem gefur henni þá hugmynd að hægt sé að fullnægja takmarkalausri löngun hennar með takmörkuðum viðföngum. Viðfangið *a* er kynlaust en hins vegar hefur verið bent á að þetta samband sjálfsverunnar við það lýsi fyrst og fremst karllægu stöðunni í kynjamismunarjöfnunni og að sú staðreynd að Lacan staðsetji *a* á hlið hinnar kvenlægu sjálfsveru afhjúpi þau gagnkynhneigðu viðmið sem séu engu að síður til staðar í henni.<sup>40</sup>

Þótt stöðurnar tvær í kynjajöfnu Lacans ákvarðist ekki af líffræðilegu kyni – upp að því marki að „karlmaður, líffræðilega séð, getur engu að síður tekið sér hina kvenlægu stöðu“<sup>41</sup> – er jafna kynjamismunar í raun formræn


<sup>38</sup> Þegar Lacan talar um „Hinn“ vísar hann til „menningarlegra táknkerfa.“ Sjá Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 1.

<sup>39</sup> Sama rit, bls. 197–198.

<sup>40</sup> Sjá Shanna Carlson, „Transgender Subjectivity and the Logic of Sexual Difference“, *Differences* 2/2010, bls. 46–71, hér bls. 58, og Tim Dean, „Homosexuality and the Problem of Otherness“, *Homosexuality and Psychoanalysis*, Chicago & London: University of Chicago Press, bls. 120–143, hér bls. 137. Carlson bendir þó á að þetta þýði ekki að kvenlægu stöðunni fylgi ekki samband við viðfangið *a*, heldur frekar að *a* sé síður mikilvægt fyrir þá stöðu en til dæmis sambandið við skortinn í Hinum.

<sup>41</sup> Patricia Gherovici, *Please Select Your Gender*, bls. 126.

útfærsla á Ödipusarmýtunni og gerir þar af leiðandi karl- lægri stöðu fyrst og fremst skil. Grundvallandi tákn- mynd kerfisins, fallusinn (f. *phallus*), gefur vísbendingu um þetta.<sup>42</sup> Þeir sem nálgast hafa sálgreiningu frá hinsegin sjónarhorni hafa leitað lausna á þessum vanda með ólík- um hætti. Butler kynnir eins og áður sagði kynjamismun Lacans til sögunnar í *Kynusla*, þar sem hún ræðir mögu- leikann á því að „endurheimta og leysa úr læðingi hvaða kvenlægu þrá sem kann að hafa



*Kynjamismunarjafna Lacans. Kvenlægri stöðu eru gerð skil hægra megin, en þeirri karllegu vinstra megin.*

verið bæld innan viðmiða hins fallíska hagkerfis“ sem tryggir hið gagn- kynhneigða norm.<sup>43</sup> Ef til vill mætti segja að Butler bæti (við) kerfi sál- greiningarinnar, líkt og hún gerði með endurlestri sínum á melankólískri samsömun í verkum Freuds, í *Kröfju Antígónu* (*Antigone's Claim*, 2000), þar sem hún veltir upp möguleikanum á annars konar samböndum en þeim sem Ödipus býður upp á. Hún sækir þar fyrirmyndir „róttækra tengsla“ (e. *radical kinship*) í *Antígónu* Sófókleasar og veltir fyrir sér hvernig sálgreining það væri sem tæki Antígónu sem útgangspunkt frekar en Ödipus.<sup>44</sup>

Þótt Shanna Carlson sé að mörgu leyti hrifin af þeirri kvenlægu eða ó-ödípísku stöðu sem Butler færir okkur með lestri sínum (og Lacans) á *Antígónu*, nálgast hún kynjajöfnuna með afar ólíkum hætti í grein sinni

<sup>42</sup> Í sálgreiningu vísar fallusinn ekki til getnaðarlims karlmanns, heldur frekar til þeirrar táknrænu merkingar sem getnaðarlimurinn hefur í menningunni. Í kenn- ingu Lacans er fallusinn „tákn fyrir það sem bætir upp fyrir ákveðinn skort; hann er nokkuð sem enginn getur búið yfir, á meðan allir vilja hafa eða vera [fallusinn].“ Sjá Patricia Gherovichi, *Transgender Psychoanalysis: A Lacanian Perspective on Sexual Difference*, London & New York: Routledge, 2017, bls. 31.

<sup>43</sup> „[...] recover or release whatever feminine desire has remained suppressed within the terms of the phallic economy.“ Judith Butler, *Gender Trouble*, bls. 64.

<sup>44</sup> Judith Butler, *Antigone's Claim*, New York: Columbia University Press, 2000, bls. 76.

„Transgender kynvitund og rökvísi kynjamismunar“.<sup>45</sup> Þar leggur Carlson til að skilja megi rökvísi kynjamismunar út frá trans kynvitund og lítur svo á að kynvitund þeirra sem samsama sig ekki hefðbundnum skilgreiningum á kvenkyni og karlkyni geti varpað ljósi á kvenlægu stöðuna sem hefur svo oft verið látin afskipt. Hún undirstrikar mikilvægi þess að kynjuðu stöðurnar renni ekki saman við kyn eða kyngervi í hugum okkar og bendir á að Lacan líti svo á að

„hugtökin *karlkyns* og *kvenkyns* [tákni] tvenns konar rökvísi, tvær ólíkar aðferðir til að vera til innan hins táknræna, tvær ólíkar nálgunarleiðir að Hinum, tvenns konar stöðu gagnvart þránni, og (að minnsta kosti) tvær ólíkar gerðir *jouissance*. Ekkert hér vís[i] til ‚kyn-gervis‘ eins og við myndum almennt gera grein fyrir því.“<sup>46</sup>

Carlson afmarkar tvær ólíkar stöður þeirra sem eru trans: annars vegar þá sem felur í sér samsömun með kven- eða karlkyni, hins vegar þá að samsama sig ekki einu ákveðnu kyni, a.m.k. í hefðbundnum skilningi samfélagsins á kyninu sem um ræðir. Í fyrri hópinn falla þær manneskjur sem hafa fæðst í röngum líkama, en Carlson bendir á að ef gengið sé út frá því að viðkomandi vilji „sleppa“ (e. *pass*) eða samsami sig tilteknu kyni með ákveðinni fullvissu, þá séu „hann eða hún sálrænt séð að engu leyti ólík(ur) hverjum öðrum sem tekur sér stöðu í annarri hvorri fylkingunni.“ Hún bendir á að síð einstaklingar reyni líka „að sleppa; þeir samsama sig líka með ákveðinni fullvissu öðru hvoru kyninu.“<sup>47</sup> Hér gefur ekki svo að skilja

<sup>45</sup> Shanna Carlson, „Transgender Subjectivity“. Carlson ræðir greiningu Butler sérstaklega á bls. 59–62.

<sup>46</sup> „And with respect to sexual difference, we must insist on the ways in which, for Lacan, the terms *masculine* and *feminine* signal two different logics, two different modes of ex-sistence in the symbolic, two different approaches to the Other, two different stances with respect to desire, and (at least) two different types of *jouissance*. Nothing here indicates ‚gender‘ as we might more conventionally conceive of it.“ Shanna Carlson, „Transgender Subjectivity“, bls. 64. Í þessu samhengi brýnir hún líka nauðsyn þess að orðalag á borð við „þrá móðurinnar“ og „lögmál föðurins“ verði lagt til hliðar og aðrar leiðir notaðar til að lýsa þeirri „sálrænu virkni sem orðalagið vísar til“ (bls. 63).

<sup>47</sup> „Inasmuch as the transsexual subject strives to pass *and/or* (for not all transsexuals strive to pass) identifies with one gender or another with an apparent degree of certainty, he or she is psychically no different than any other subject who lines up under one banner or the other.“ Sama rit, bls. 64–65. Ásta Kristín Benediktsdóttir á heiðurinn af þessari þýðingu á sögninni „to pass“.

að Carlson líti svo á að enginn munur sé á því að vera sís og trans, en hún telur þó að munurinn liggi ekki síst í því að fyrrnefndi hópurinn hefur verið tregur til að samþykkja þann síðarnefnda; að „þau hafa ekki enn áttað sig á því að þau hafa engan einkarétt á sálrænni upplifun þess sem líkist ‚kynvissu‘ (e. *gender certainty*).“<sup>48</sup>

Í seinni hópnum eru manneskjur sem vilji ekki endilega „sleppa“ sem eitt kyn eða annað, líkt og á við um fólk með tvö kyngervi (e. *bigender*), sem er kynsegin (e. *non-binary*) eða fellur á einhvern hátt á milli eða utan hinna hefðbundnu skilgreininga á konum og körlum. Carlson leggur til að hér megi finna „tjáningu á lögmáli kynjamismunar: kvenlæga lausn“<sup>49</sup> sem felst í því að „draga rökvísi fallusins þvermóðskulega í efa“ og í því sem Carlson telur „hinsegin samband við Hinn sem skortir.“<sup>50</sup> Á meðan gengist er við forsendum hins táknræna í karllægu stöðunni, dregur sá sem tekur sér kvenlægu stöðuna þessar forsendur í efa.<sup>51</sup> Í ljósi þess að kynið verður ekki hugsað röklega samkvæmt kenningum sálgreiningarinnar – fallusinn sem kynjamismunur hvílir á innan hins táknræna er „táknmynd án táknmiðs“<sup>52</sup> – má segja að kvenlægu afstöðunni fylgi tengsl við það sem er „tilviljunarkennt á róttækan hátt og illviðráðanlegt“ við kynið.<sup>53</sup> Þessi nálgun er að mörgu leyti forvitnileg, ekki síst vegna þess að hún forðast að fella trans kynvitund í kerfi; hér er ekki sett fram heildstæð kenning um það hvernig ákveðin staða er tekin upp og ekki gerð tilraun til að svara því hvað það

<sup>48</sup> „[...] from under the meager protection of their banners, they have not yet realized that they have no monopoly on the psychic experience of the semblance of ‚gender certainty‘.“ Sama rit, bls. 65.

<sup>49</sup> „[...] an expression of the logic of sexual difference: a feminine solution.“ Sama rit, bls. 65.

<sup>50</sup> „The failure, deadlock, and trauma of sexual difference returns for the hysterical/feminine transgender subject, irreducibly, in her insistent interrogation of the phallic function and in her very queer relation to the lacking Other.“ Sama rit, bls. 66.

<sup>51</sup> Líkt og í kenningu Freuds um Ödipusarduldina, þar sem það er einungis sonurinn sem telur að hann geti komist hjá refsingu föðurins ef hann hlýðir (geldingarógn hefur lítill áhrif á dótturina, sem „skortir“ getnaðarlim), þá grundvallast karllæga staðan á banni; sjálfsverunni eru þar sett mörk sem gera henni kleift að afneita skorti, trúa að hún hafi/geti haft fallusinn. Sjá t.d. Joan Copjec, „Sex and the Euthenasia of Reason“, *Read My Desire: Lacan Against the Historicists*, Cambridge & London: MIT Press, 1994, bls. 201–236, hér bls. 234–235.

<sup>52</sup> Bein tilvitnun í Lacan (fyrirlestra sem haldnir voru 1957–1958) er fengin úr bók Patriciu Gherovici, *Please Select Your Gender*, bls. 20.

<sup>53</sup> „The feminine perspective brings with it a relation both to the radically contingent and to intractability“. Shanna Carlson, „Transgender Subjectivity“, bls. 63.

þýðir að vera transsexúal eða transgender, heldur einungis gera tveimur stöðum, tvenns konar rökvísi, skil.

Að lokum má nefna enn önnur viðbrögð við þeim flækjum sem fylgja kynjajöfnunum: það að vilja sem minnst af þeim vita. *Handan kynverundarinnar* (*Beyond Sexuality*, 2000) eftir Tim Dean er skrifuð til höfuðs tilraunum til þess að fella hugsun Lacans í kerfi og þröngva þannig samræmi upp á hugsun sem ekki var fullmótuð eða laus við mótsagnir.<sup>54</sup> Dean leggur þar til að fallusinn verði settur til hliðar og sjónum beint að viðfanginu *a*, bæði vegna þess að það er laust við tengingar við ákveðið kyn eða gagnkynhneigð viðmið, en líka vegna þess að það tók fljótlega yfir virkni fallussins að miklu leyti í kenningu Lacans, þótt hann hafi haldið í fallusarhugtakið.<sup>55</sup> Afstöðu Deans verða gerð betri skil hér á eftir, en hann setur hana að mörgu leyti fram í andstöðu við nálgunarleiðir annarra hinseginfræðinga á sálgreiningu, þar á meðal Butler.

### *Hinsegin líkamar og sjálfsverur sem þrá*

Í ljósi þeirra hugmynda um kynjamismun sem nú hafa verið ræddar – kynjamismun sem ákvarðast hvorki af líffræðilegu kyni né kyngervi – er ef til vill ekki skrítið að spurningar hafi vaknað um líkamann í kenningu sálgreiningarinnar, oftar en ekki í tengslum við verk Butler.<sup>56</sup> Lykilverk hennar um líkamann er *Efni(s)legir líkamar*, en þar má segja að hún bregðist við þeirri gagnrýni að *Kynusli* ýji að ákveðnu valfrelsi þegar kemur að

<sup>54</sup> Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 13. Dean bendir í kjölfarið á að hafa beri í huga að Lacan hafi í næstum aldarfjórðung haldið námskeið í samræðuformi þar sem hann lék af fingrum fram. Þar hafi hann ekki einungis verið að setja fram ákveðna kenningu heldur megi sjá í útgefnum námskeiðum hans „sérlega lipran, díalektískan hugsanagang í mótun“ sem sé enginn greiði gerður með því að vera felldur í tryggar skorður staðnaðra kerfa.

<sup>55</sup> Sama rit, bls. 45. Lacan gerði fallusnum skil í kenningum sínum á árunum 1958–1959 og skilgreinir hann í „Merkingu fallussins“ („The Signification of the Phallus“, 1958) sem það sem kveikir þrá okkar – virkni sem Lacan gefur svo viðfanginu *a* eftir að áhersla hans færðist frá hinu táknaða og beindist að því sem verður ekki táknað, rauninni, á sjöunda áratug síðustu aldar. Sjá Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 50.

<sup>56</sup> Sigríður Þorgeirsdóttir fjallar um og gagnrýnir kenningu Butler um líkamann í grein sinni „Heimspæki líkamans og heimspæki í líkamanum og hvers vegna hugsun er ekki kynlaus“, sjá sérstaklega bls. 70–71. Enn fremur má finna yfirgripsmikla umfjöllun um hugmyndir Butler um líkamann og kyn, auk gagnrýni femínista á borð við Tóril Moi á þær hugmyndir hennar, í grein Dagnýjar Kristjánsdóttur, „Tómið og tilveran“, á bls. 84–88.

kyni og verði við kröfu um að hún gerði líkamanum betri skil. Afstaða Butler til líkamans einkennist hins vegar síður en svo af hugmyndum um val eða gerendahæfni, en ástæður þess eru fyrst og fremst samfélagslegar. Í umfjöllun Geirs Svanssonar um *Efni(s)lega líkama* er bent á að kyngervi tekur á sig efnisleika í kyngervisgjörningi sem felur „*ekki í sér sjálfviljaða gjörð eða athöfn*“ heldur „ítrekun (*iteration*) á normum eða normaklösum í hinu gagnkynhneigða kerfi“.<sup>57</sup> Nálgun Butler er, eins og áður hefur verið minnst á, pólitísk. Í kenningum hennar er sjálfsveran sett fram sem afurð samfélags síns og áhersla lögð á samfélagslegar aðgerðir, en líkt og Geir fjallar um, felur „skjönun“ (e. *queering*) eða afbygging á gagnkynhneigðu forræði í sér „að gagnrýna á róttækan hátt forsendur þessa forræðis og forréttinda sem undirskipa og útiloka aðra“.<sup>58</sup> Það má því segja að greining Butler á kyni og kynverund leggi áherslu á það sem Lacan kallaði „hið táknræna“ (f. *le symbolique*) og „hið ímyndaða“ (f. *l'imaginaire*): ímyndir og orðræðu sem móta kyn, kynverund og hugmyndir um hvað sé eftirsóknarvert í menningunni.<sup>59</sup>

Fræðafólk sem vinnur með sálgreiningu hefur sumt gagnrýnt Butler fyrir að gleyma því sem samfélagið nær ekki utan um. Ein þessara gagnrýnisradda kemur frá Dean, fyrrum nemanda Butler, sem lítur svo á að hún noti sálgreiningu til að smíða kenningu um „hinsegin líkama sem hafa sjálf (e. *ego*) en eru gersneyddir huglægri þrá“.<sup>60</sup> Samkvæmt þessari gagnrýni fjallar Butler fyrst og fremst um „sjálfsveru táknmyndarinnar“ en vanrækir hlut þrárinnar sem kviknar um leið og táknkerfið bregst; þegar samsömun við „föðurinn, móðurina eða táknmyndina“ á sér *ekki* stað, eitthvað verður *ekki* tjáð.<sup>61</sup> En það sé einmitt þar sem sálgreiningin skjönar sjálfsveruna.

Dean bendir á að gagnrýni Lacans á samfélagsnorm hafi beinst að bandarískri einstaklingshyggju, sérstaklega eins og hún birtist í áherslunni á „aðlögun að veruleikanum“ (e. *adaption to reality*), sem sé „normaliserandi viðmið [...] sem sjálfssálfræði (e. *ego psychology*) heldur fram að sé

<sup>57</sup> Geir Svansson, „Ósegjanleg ást“, bls. 485.

<sup>58</sup> Sama rit, bls. 486.

<sup>59</sup> Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 231.

<sup>60</sup> „[...] Butler's and Edelman's accounts paradoxically produce queer bodies bearing egos but devoid of subjective desire.“ Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 187. Dean gagnrýnir hér Lee Edelman í sömu andrá fyrir að gera slíkt hið sama í *Homographesis: Essays in Gay Literary and Cultural Theory* (1994), þótt hann fari öðruvísi að en Butler. Þegar Dean notar orðalagið „subjective desire“ vísar hann til þess hluta sjálfsverunnar sem þráir vegna skortsins sem hún upplifir innan hins táknræna.

<sup>61</sup> Sama rit, bls. 185 og 187.

markmið sálgreiningar.<sup>62</sup> Í því samhengi vísar „veruleikinn“ til norma og fyrirmynda, og rennur þannig saman við hið ímyndaða.<sup>63</sup> Viðnám gegn kúgandi normum liggur hins vegar ekki í möguleikanum á „annars konar útgáfum *hins ímyndaða*“<sup>64</sup> – líkt og Butler stingur upp á í *Efni(s)legum lík-ömum* – samkvæmt Lacan, heldur í rauninni (e. *the real*), hugtakinu sem hann notaði yfir „allt það sem *streitist gegn* aðlögun.“<sup>65</sup> Dean bendir á að Butler komist að öndverðri niðurstöðu í kaflanum „Þráttáð við raunina“ í *Efni(s)legum líkömum*, nefnilega þeirri að raunin „tryggi gagnkynhneigt forræði.“<sup>66</sup>

Vandinn við umfjöllun Butler um raunina er sá að hún reynir að gera hana viðráðanlegri, að „laga“ kenningu Lacans í einhverjum skilningi, svo hægt sé að opna samfélagið fyrir því sem það rúmar ekki og bæta það þannig um leið. Í þessum tilgangi tekur hún það skref að skilgreina hvað það sé sem heyrir rauninni til – „ákveðnar samfélagslegar og kynferðislegar stöður“<sup>67</sup> sem hafa verið útilokaðar frá sviði pólitískrar merkingar – þrátt fyrir að raunin sé skilgreind sem „breytileg mörk þess sem verður sagt og hugsað“ í kenningu Lacans, sem lýsir henni að *formgerð* en ekki *innihaldi*.<sup>68</sup> Með því að gefa rauninni hugmyndafræðilega merkingu og skilgreina þannig „mörk þess sem verður sagt og hugsað“ út frá reglum og viðmiðum samfélagsins gefur Butler til kynna að hægt sé að losna undan „oki“ raunarinnar.<sup>69</sup>

Það sem gerir raunina erfiða viðfangs er það sem gerir hana gagnlega, sérstaklega í samhengi hinsegin fræða: hún er óhlutbundin, án eðlis eða sérkenna. Dean vekur athygli á að það eigi einnig við um „þann skilning

<sup>62</sup> „[...] it is significant that Lacan also directs his critique of norms – including what he pointedly calls ‘the delusional ‘normality’ of the genital relation’ (*E* 245) – against the American ideology of individualism, particularly as it finds expression in the normalizing ethos of ‘adaptation to reality’ that ego psychology promulgates as the goal of psychoanalytic therapy.“ Sama rit, bls. 228–229.

<sup>63</sup> Sama rit, bls. 228.

<sup>64</sup> Judith Butler, *Bodies That Matter*, bls. 91.

<sup>65</sup> „However, Lacan’s response to normativity is not to produce alternative imaginaries, but to elaborate an alternative of a different order – that of the real, a conceptual category intended to designate everything that *resists* adaptation.“ Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 230.

<sup>66</sup> Sama rit, bls. 230.

<sup>67</sup> „[...] specific social and sexual positions“. Judith Butler, *Bodies That Matter*, bls. 189.

<sup>68</sup> „[...] Lacan theorizes the real as a variable limit to the speakable and the thinkable.“ Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 210.

<sup>69</sup> Sama rit, bls. 211 og 230. Gæsalappir mínar.

á *hinsegin* sem *hinsegin* fræði byggja á“ og að hugtökin tvö eigi það þar af leiðandi sameiginlegt að veita viðnám eða andstöðu en vera jafnframt háð samhengi (e. *relational*).<sup>70</sup> Raunin hefur svipaða virkni og dulvitundin í kenningu Freuds; hún grefur stöðugt undan samfélagslegum og kynferðislegum sjálfsmyndum.<sup>71</sup> Það er ekki síst af þeirri ástæðu sem Dean leggur áherslu á mikilvægi annars vegar dulvitundar Freuds og hins vegar raunarinnar og viðfangsins *a* í kenningu Lacans, en markmið hans er að stunda *hinsegin* fræði sem byggja ekki á sjálfsmynd.<sup>72</sup>

Þegar Butler tákna raunina – skilgreinir það sem hefur verið útilokað með beinum hætti eða óbeint, með því að halda því fram að hægt væri að innlima hana í táknkerfið – tekur hún dulvitundina ekki með í reikninginn. Enda verða líkamanum ekki gerð skil án raunarinnar, án þess sem ekki er hægt að tákna eða færa í orð. Takmörk þess að fjalla um líkamann í gegnum sjálfíð verða ljós þegar líkaminn hlýðir ekki samfélaginu. Sá líkami sem hefur verið miðlægur í sálgreiningu frá upphafi er líkaminn „sem talar“ og gefur þannig til kynna að sjálfsveran sé ekki að öllu leyti meðvituð um það sem býr innra með henni. Þetta er ekki líkaminn sem blasir við okkur þegar við opnum kennslubók í líffærafræði, eða sá sem heimilislæknirinn skoðar þegar eitthvað amar að; sá líkami er viðfangsefni raunvísinda og sálgreining heyrir ekki undir þau. Þetta er líkami sjúkdómseinkennisins (e. *symptom*), sem birtist í óskiljanlegum athöfnum (e. *acts*), líkamlegum einkennum eða sársauka sem ekki er hægt að skýra og óröklegri hegðun sem skaðar einstaklinginn og skemmir fyrir honum innan samfélagsins. Í sálgreiningarmeðferð er þessi líkami undir, en verkefni sálgreinandans er ekki að „laga“ einkennið, binda enda á hið óröklega í skjólstæðingnum, heldur að gefa því sem er óhugsandi – þeirri reynslu, atburðum eða þrám sem ekki hafa verið færð í orð – pláss; að hlusta.

Í bók sinni *Vinsamlegast veldu þér kyn* (*Please Select Your Gender*, 2010) fjallar sálgreinandinn Patricia Gherovici um þann lærdóm sem trans skjólstæðingar hennar hafa fært henni. Markmið hennar er að „afsjúkdómstvæða“ það að vera trans, en hún tekur fram að það sé ekki sú afstaða sem flestir

<sup>70</sup> „[...] the real resonates with the notion of *queer* underlying queer theory.“ Sama rit, bls. 231.

<sup>71</sup> Sama rit, bls. 231. Dean bætir því við að Lacan beini athygli sinni sérstaklega að rauninni í síðverkum sínum, þar sem hann „þróar áfram ákveðna þætti kenningar Freuds um dulvitundina.“

<sup>72</sup> Sjá t.d. Tim Dean, *Beyond Sexuality*, bls. 6 og 272.

sálgreinendur hafi.<sup>73</sup> Þær hugmyndir sem hún setur fram kalla líka á endurskoðun á því hvernig fjallað hefur verið um trans upplifun (e. *transgenderism*) í sálgreiningu. Í bókinni gengur hún út frá þeirri forsendu „að það sé eitthvað óhugsandi við okkur öll og að kynjamismunur gefi því nafn.“<sup>74</sup> Samkvæmt Gherovici tilheyrir kynjamismunur rauninni og

„streitist á móti því að vera tákngerður, veldur sjúkdómseinkenni, en það er sjúkdómseinkenni sem verður ekki leiðrétt eða læknað; það er engu að síður eitthvað sem hver sjálfsvera verður að takast á við.“<sup>75</sup>

Gherovici gerir grein fyrir því hvernig sjálfsveran getur tekist á við „sjúkdómseinkenni kynsins“ með hugtaki frá Lacan, „sinthome“ (f. *le sinthome*), en hann notaði það til að lýsa því hvernig hægt er að skapa eitthvað úr sjúkdómseinkenninu, umbreyta því úr því sem þjakar sjálfsveruna í eitthvað sem leyfir henni að lifa.<sup>76</sup>

Kyn er óröklegt samkvæmt sálgreiningunni, en Gherovici bendir á að það sé manneskjunni engu að síður nauðsynlegt að tákngera það með einhverjum hætti, gefa því efnislega mynd.<sup>77</sup> Hún telur nauðsynlegt að klínísk sálgreining nálgist kynið út frá *sinthome*, sem hún lýsir sem sköpunarverki sem reyni „ekki að „bæta upp“ misræmið milli kynjanna“ heldur finni þetta sköpunarverk sér leið umhverfis misræmið, verður til þrátt fyrir það.<sup>78</sup> Sálgreining gerir því hvorki „líffræðilegt kyn“ né „menningarlegt kyn“

<sup>73</sup> Patricia Gherovici, *Please Select Your Gender*, bls. xiii.

<sup>74</sup> „Gherovici [...] begins from the premises that there is something unthinkable about everybody and that sexual difference names that unthinkable.“ Shanna Carlson, „Please Select Your Gender: From the Invention of Hysteria to the Democratizing of Transgenderism by Patricia Gherovici“, *The International Journal of Psychoanalysis*, 1/2016, bls. 239–243, hér bls. 242.

<sup>75</sup> „Since sexual difference is real and resists symbolization, it creates a symptom, but this symptom is something that cannot be rectified or cured; it is nevertheless something with which every subject must come to terms.“ Patricia Gherovici, *Please Select Your Gender*, bls. 231.

<sup>76</sup> Sama rit, bls. 216.

<sup>77</sup> Sama rit, bls. 247.

<sup>78</sup> „The sinthome is a creation that is not trying to ‘make up’ for the disharmony between the sexes; it is a creation that ‘makes do’ around the disjunction.“ Sama rit, bls. 185. Þar sem Gherovici telur ekki að þeir sem séu trans séu veikir lítur hún ekki heldur svo á að kynleiðrétting sé „meðferð eða lækning“, þótt ferlið geti í sumum tilfellum verið hluti af því sköpunarverki sem *sinthome* lýsir. Sjá sama rit, bls. 246.

að viðfangsefni sínu, og samkvæmt Gherovici leiðir dulvitundin í ljós að „stöðug kynvitund er ekki til, aðeins sinthomatísk sjálfsvitund.“<sup>79</sup> Ástæða þess að við getum ekki „valið okkur kyn“ er því ekki sú að við séum á valdi hugmyndafræðinnar sem samfélagið innlimar okkur í frá barnæsku, heldur vegna þess að það tilheyrir rauninni; eitthvað í okkur er þegar búið að „velja“, staðsetja okkur gagnvart kyninu. Við þurfum bara að takast á við afleiðingarnar.

### *Kynusli og árekstrar: niðurstaða*

Í upphafi þessarar greinar birtist tilvitnun í skáldsöguna *Nevada* eftir Imogen Binnie, þar sem söguhetjan Maria, trans kona og bókabúðarstarfsmaður, bendir á að „þótt kynið sé tilbúningur þá [séu] umferðarljós það líka, og ef þú hunsar þau verðurðu fyrir bíl. Sem var líka búinn til.“<sup>80</sup> Í kjölfarið fylgdu fleiri árekstrar; hugmyndafræðilegir árekstrar. Árekstur hugmynda um „kynleysi“ og afbyggingu kynsins við það sem kalla mætti sálrænan veruleika kyns; árekstur hinsegin kynverundar Freuds við „æxl-unarmiðuðu“ kynhvötina sem samtíðarmenn hans voru hallir undir; árekstur Freuds við sjálfan sig og dulvitundina þegar hann reyndi að skapa kerfi til að skýra þróun kynverundar í átt að gagnkynhneigðum viðmiðum; og hugmyndafræðilegir árekstrar hinseginfræðinga á borð við Judith Butler og Tim Dean.

Eins og sjá má á því sem á undan hefur farið kennir ýmissa grasa í fræðum þar sem hinsegin fræði og sálgreining fara saman, en það væri stórkostleg einföldun að smætta þá frjóu hugsun og umræður sem þar fara fram niður í árekstra. Þvert á móti leikur enginn vafi á því að nú fer fram mikilvæg vinna við að endurlesa og endurhugsa kenningar sálgreinenda á borð við Freud og Lacan og að aðferðirnar sem hinsegin nálgun hefur leyst úr læðingi eru afar margbreytilegar. Ljóst er að Butler hefur með endurskoðun sinni á kenningum sálgreiningar kallað fram margs konar viðbrögð sem miða fyrst og fremst að því að kanna fleiri möguleika til að hugsa um sálgreiningu í samhengi hinsegin veruleika. Dean, líkt og Philippe van Haute og Herman Westerink, les texta sem mynda kenninga-

<sup>79</sup> The unconscious reveals that there is no stable sexual identity, only sinthomatic identities.“ Sama rit, bls. 247.

<sup>80</sup> „Eventually you can't help but figure out that, while gender is a construct, so is a traffic light, and if you ignore either of them, you get hit by cars. Which, also, are constructs“. Imogen Binnie, *Nevada*, New York: Topside Press, 2013, bls. 26.

ramma sálgreiningar og dregur fram þá þætti sem hann telur mikilvægasta fyrir hinsegin fræði; dulvitund, raunina og viðfangið *a*. Þá verður mikilvægi trans veruleika og þeirrar þekkingar sem hann hefur fært fræðafólki sérlega skýrt í verkum eftir Shönnu Carlson og Patriciu Gherovici, þar sem Carlson leggur til að trans upplifun geti varpað ljósi á ólíkar stöður í kynjajöfnu Lacans og Gherovici bendir á að þeir sem séu trans hafi kennt sálgreinendum að kynið er aldrei annað en sköpunarverk; *sinthome* sem við sköpum öll, hvort sem við erum trans eða sís, úr því sem verður alltaf óröklegt: kynið.

Verk Gherovici og Carlson sýna enn fremur að sálgreining getur hjálpað okkur að vinna úr þeirri togstreitu sem birtist í umræðunum sem áttu sér stað í Norræna húsinu árið 2010. Kenningar sálgreiningar gera ráð fyrir því að kynið sé bæði óröklegt og, í einhverjum skilningi, tilbúningur – en hér er á ferðinni tilbúningur sem verður hvorki umflúinn né afbyggður að fullu. Dulvitundin gerir okkur ókleift að velja eða breyta þegar að kynjaðri upplifun okkar kemur, en sú upplifun getur engu að síður verið fljótandi; það er mögulegt að við samsömum okkur því sem er óröklegt og sköpum okkur stað í heiminum meðvituð um að kynið dugar ekki til að gera grein fyrir því sem við erum. Svarið við spurningunni sem sett er fram í lok inngangs þessarar greinar er því skýrt. Sálgreining og hinsegin fræði fara saman, þótt árekstrar séu óumflýjanlegir.

## ÚTDRÁTTUR

### Af usla og árekstrum

#### Sálgreining í ljósi hinsegin fræða

Undanfarna áratugi hefur mikil og öflug fræðimennska farið fram á sviði sálgreiningar og hinsegin fræða sem miðar að því að endurlesa sígilda texta sálgreiningarinnar frá sjónarhóli hinsegin kenninga. Segja má að þessi vinna hafi hafist með tímamótaverki Judith Butler, *Kynusla*, en í greininni er skoðað hvernig Butler endurskoðar kenningar sálgreiningarinnar frá hinsegin sjónarhorni í verkum sínum. Í því samhengi er rýnt í þær kenningar Sigmunds Freuds og Jacques Lacans sem Butler vinnur helst með, auk þess sem gagnrýni og umræðu um verk hennar meðal fræðafólks af sviði sálgreiningar eru gerð skil, en Tim Dean, Patricia Gherovici og Shanna Carlson eru þar mest áberandi. Í greininni er leitast við að svara því hvort – og þá

hvernig – sálgreining og hinsegin fræði fari saman. Þeirri spurningu er ekki síst svar- að í ljósi arfleiddar Butler, en verk hennar hafa hrundið af stað margbreytilegri fræðimennsku sem miðar fyrst og fremst að því að kanna fleiri möguleika til að hugsa um sálgreiningu í samhengi hinsegin veruleika.

*Lykilorð:* hinsegin fræði, sálgreining, Judith Butler, trans, kyn/kyngervi

## ABSTRACT

### **Gender Trouble and Head-On Collisions Psychoanalysis and Queer Theory**

In recent decades, important rereading of canonical psychoanalytic texts has taken place within the fields of both psychoanalysis and queer theory. This work started with Judith Butler's seminal book, *Gender Trouble*, where she begins her project of revising psychoanalytic theory from a queer perspective. This article explores the ways Butler draws on psychoanalysis in her works, mainly the theories of Sigmund Freud and Jacques Lacan, and discusses the critique put forward by psychoanalytic scholars such as Tim Dean, Patricia Gherovici and Shanna Carlson. The question driving the article is how psychoanalysis is, or can be, important for queer theory and vice versa. This question is addressed in the context of Butler's works and the scholarship it has given rise to, which has provided a variety of possibilities for thinking about psychoanalysis in a queer world.

*Key word:* queer theory, psychoanalysis, Judith Butler, trans, sex/gender